

---

## 9,8 MW Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti

### Pingeyjarsveit

#### Ákvörðun um matsáætlun

---

## 1 INNGANGUR

Þann 4. september 2018 barst Skipulagsstofnun tillaga Einbúavirkjunar ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar Einbúavirkjunar í Skjálfandafljóti, Pingeyjarsveit samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.22 í 1. viðauka laganna. Um er að ræða framkvæmd í flokki B og er málsmeðferð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og tekin ákvörðun um hvort að viðkomandi framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki. Framkvæmdin fellur undir 5. gr. laganna þar sem þurfi að grafa upp 330.000 rúmmetra af jarðefnum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Pingeyjarsveitar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

## 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: 9,8 MW Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti, í Pingeyjarsveit Verkís, verkfræðistofa, ágúst 2018.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Pingeyjarsveit með tölvubréfi dags. 1. október 2018
  - Fiskistofu með bréfi dags. 19. október 2018
  - Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 26. september 2018
  - Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 24. september 2018
  - Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubréfi dags. 24. september 2018
  - Orkustofnun með bréfi dags. 12. september 2018
  - Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. september 2018
  - Veðurstofu Íslands með tölvubréfi dags. 24. september 2018
  - Vegagerðinni með bréfi dags. 8. október 2018
- Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá: Ingimar Eydal með tölvubréfi dags. 6. september 2018

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 3., 9., 10. og 23. október 2018.

## 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

### Valkostir

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um aðra virkjunartilhögun., m.a. að hafa mannvirki Einbúavirkjunar (vatnsvegi og stöðvarhús) á vesturbakka Skjálfandafljóts og þeim austari, sem er sá kostur sem framkvæmdaraðili stefnir að. Í umsögnum Umhverfisstofnunar og



Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að samkvæmt tillögu að matsáætlun er ekki víst hvort um verður að ræða opinn skurð, að og frá stöðvarhúsi, eða pípu sem grafin verði í jörð en gera þurfi frekari grein fyrir hvers vegna ekki var frekar unnt að nota pípur í stað veituskurða en líklegt megi telja að skurðirnir verði nokkuð áberandi. Umhverfisstofnun bendir á að gera ætti sérstaklega grein fyrir hvernig gengið verði frá uppmokstri úr skurðum þannig að sjónræn áhrif skurðanna verði sem minnst með hliðsjón af því að uppmokstur getur verið sprengigrjót að stórum hluta sem erfiðara getur verið að koma vel fyrir í landi þar sem mannvirkin verða nærri þjóðvegi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir þeim kostum sem skoðaðir voru á frumhönnunarstigi virkjunarinnar, meðal annars hvort vatnsvegir til og frá stöðvarhúsi yrðu í pípu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir framangreindum valkostum sem og öðrum valkostum sem skoðaðir voru og hugsanlegum umhverfisáhrifum þeirra og rökstyðja hvers vegna staðsetningarkostir eða aðrir kostir voru ekki metnir raunhæfir eða uppfylltu ekki markmið framkvæmdarinnar og eru því ekki lagðir fram til mats á umhverfisáhrifum.

### **Skert rennsli**

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að miðað við stærð og umfang virkjunarinnar megi gera ráð fyrir að áhrif hennar verði varanleg á laxfiska og á farveg Skjálfandafljóts. En tímabundin á gróðurfar og fuglalíf. Gróður verði endurheimtur. Gera þurfi grein fyrir þessu í frummatsskýrslu. Hönnun virkjunarinnar liggja ekki fyrir, t.d. flóðvirki og ekki komi fram hversu mikið rennsli verði skert í fljótinu. Því sé erfitt að segja til um hvort t.d. rannsóknir á eiginleikum Skjálfandafljóts og laxfiskum í fljótinu muni gefa rétta mynd af hugsanlegum áhrifum. Þetta þarf að liggja fyrir í frummatsskýrslu t.d. vegna hugsanlegra mótvægisáðgerða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að virkjað rennsli Einbúavirkjunar muni ráðast af rennsli fljótsins hverju sinni og því lágmarksrennsli sem talið er nauðsynlegt að tryggja með tilliti til lífríkis Skjálfandafljóts á áhrifasvæði virkjunarinnar. Þetta feli í sér að framleiðslu virkjunarinnar er ætlað að ráðast af því rennsli sem er umfram lágmarksrennsli fljótsins neðan flóðvirkis, einnig á þeim árstíma þegar rennsli Skjálfandafljóts er lítið.

Í frummatsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir hver verði skerðing rennslis vegna virkjunarinnar og lagt mat á hugsanleg áhrif þess á lífríki sem og ásýnd fljótsins.

### **Tenging virkjunar við flutningskerfi raforku**

Í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðstreng frá virkjun að tengivirki Landsnets.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlega um lagningu strengsins og legu auk áhrifa jarðstrengsins á umhverfið með sambærilegum hætti og annarra hluta framkvæmdanna.

### **Vöktun**

Þingeyjarsveit bendir á að nauðsynlegt sé að í frummatsskýrslunni verði gerð grein fyrir vöktun umhverfisþátta fyrir framkvæmdir, á framkvæmdartíma og eftir að framkvæmdum lýkur og einnig verði nánari grein gerð fyrir hvaða umhverfisþætti eigi að vakta og hversu lengi eftir að framkvæmdum lýkur og til hvaða mótvægisáðgerða yrði gripið verði þess þörf.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mat á umhverfisáhrifum muni leiða til niðurstöðu um þörf á mótvægisáðgerðum og vöktun. Í slíkum tilfellum verður í frummatsskýrslu gerð grein fyrir í hverju mótvægisáðgerðir felast og/eða sett fram vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa á hina mismunandi umhverfisþætti eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.



#### 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Einbúavirkjunar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir valkostum sem skoðaðir voru og hugsanlegum umhverfisáhrifum þeirra og rökstyðja hvers vegna aðrir kostir voru ekki metnir raunhæfir eða uppfylltu ekki markmið framkvæmdarinnar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera skýra grein fyrir hver verði skerðing rennslis í Skjálfandafljóti vegna virkjunarinnar og leggja mat á áhrif rennslisbreytinga á lífríki sem og ásýnd svæðisins.
3. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlega um lagningu jarðstrengs frá stöðvarhúsi að tengivirki og um áhrif jarðstrengsins á umhverfið með sambærilegum hætti og annarra hluta framkvæmdanna.
4. Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa á hina mismunandi umhverfisþætti eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 25. október 2018.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson